

indastofnana. Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð að fengnum tillögum lands-
bókavarðar nánari ákvæði um skiptingu þeirra.

11
8. marz

6. gr.

Verði prentsmiðja gjaldþrota eða hætti störfum, áður en afhending skyldu-
eintaka hefur farið fram, er þrotabúinu eða kostnaðarmönnum prentmálsins skylt
að sjá um, að ákvæðum 1. gr. sé fullnægt.

7. gr.

Vanskil á prentmáli varða sektum frá 50—5000 kr., sé eigi bætt úr vanrækslu,
þegar áminnt er um það. Mál um brot gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn
lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um prentsmiðjur nr. 23 4. des. 1886,
með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á þeim fram að þessu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. marz 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja f. h. ríkissjóðs lóð á horni Þverholts
og Stakkholts í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

12
14. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja fyrir hönd ríkissjóðs lóð á horni Þverholts
og Stakkholts, í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, að stærð 525,5 fermetrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 14. marz 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.